



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 25. október 2018

Eignarhlutatengdar greiðslur, sameiningar og nýr hugtakarammi

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Signý Magnúsdóttir hjá Deloitte og Atli Jóhannsson hjá PwC
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 25. október 2018 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum reikningsskil og fjármál
Verð:	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 26.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 10:00 - 25. október

Námskeiðslýsing:

Almennt

Námskeiðinu verður skipt í þrjá hluta þar sem stiklað verður á stóru yfir reikningshaldslega meðferð á eignarhlutatengdum greiðslum (IFRS 2 og lög um ársreikninga), meginreglur um reikningsskil vegna sameininga fyrirtækja undir IFRS og laga um ársreikninga sem og þær breytingar sem gerðar voru á nýjum Hugtakaramma reikningsskila sem samþykktur var á árinu.

Eignarhlutatengdar greiðslur: Fjallað verður almennt um þær reikningsskilaaðferðir sem skal beita þegar félag gerir samning um gjald fyrir vöru eða þjónustu í formi eiginfjárgerninga eða skuldar sem byggð er á verði hlutabréfa félagsins. Við yfirferðina verður horft til krafna alþjóðlegra reikningsskilastaðla og laga um ársreikninga.

Sameiningar félaga: Farið verður yfir meginreglur varðandi reikningshaldslega meðferð vegna sameininga félaga og þær umræður sem til staðar hafa verið um skilgreininguna á rekstrareiningu (e. business) og áhrif þeirrar skilgreiningar á reikningshaldslega meðferð.

Nýr Hugtakarammi reikningsskila (e. Conceptual Framework for financial reporting): Farið verður yfir helstu breytingar sem voru gerðar á Hugtakaramma reikningsskila sem gefinn var út fyrr á árinu.

Leiðbeinendur:

Signý Magnúsdóttir er löggiltur endurskoðandi og einn af meðeigendum hjá Deloitte ehf. Hún útskrifaðist með meistarágráðu í endurskoðun og reikningsskilum árið 2008 og hlaut löggildingu 2011. Signý er formaður Reikningsskilanefndar FLE. Hún hefur verið stundakennari við HÍ í reikningsskilum og hefur góða þekkingu og reynslu af IFRS.



Atli Þór Jóhannsson hefur starfað hjá PwC síðan árið 2011 og hlaut löggildingu á árinu 2015. Hann lauk meistaranámi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014 þar sem hann starfar nú samhliða störfum sínum hjá PwC sem stundarkennari.

